



Tillaga um frestun greiðslna og uppgjörs vegna á samnings við Lyngholt ehf. um rekstur í Þórsveri.

Eftir viðræður við leigutaka Þórsvers leggur sveitarstjóri til, að þrátt fyrir ákvæði 2. og 8 gr. samnings á milli Lyngholts ehf. og Langanesbyggðar sem undirritaður var 1. maí 2024, að greiðslum vegna leigu (2. gr.) og hluta leigutaka í kostnaði við rafmagni (8. gr.) verði frestað þar til endanlega liggur fyrir heildarkostnaður og uppgjör vegna fjárfestinga leigutaka í húsnæðinu. Gert er ráð fyrir að endanlegt uppgjör á milli leigutaka og leigusala fari fram fyrir árslok 2025.

1. Leigutaki hefur lagt í mikinn kostnað til að koma húsinu í rekstrarhæft ástand sem veitingahús. Heildarkostnaður liggur ekki fyrir þar sem enn er verið að vinna að endurbótum.
2. Reksturinn styrkir innviði Langanesbyggðar þar sem ekkert veitingahús var fyrir á Þórshöfn og því mikilvægt að hlúa að honum og fresta greiðslum þar til endanlegt uppgjör hefur farið fram.

Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri